

Fundargerð 16. fundar

Föstudaginn 13. nóvember 2020 var haldinn 16. fundur verkefnishóps um Sveitarfélagið Suðurland.

Fundurinn var haldinn í fjarfundi í gegnum Zoom.

Fundinn sátu:

- Anton Kári Halldórsson, formaður
- Arndís Harðardóttir
- Ágúst Sigurðsson
- Ásta Berghildur Ólafsdóttir
- Björk Grétarsdóttir
- Christiane L. Bahner
- Egill Sigurðsson
- Einar Freyr Elínarson
- Eva Björk Harðardóttir
- Lilja Einarsdóttir
- Margrét Harpa Guðsteinsdóttir
- Páll Tómasson
- Sandra Brá Jóhannsdóttir
- Valtýr Valtýsson
- Þorbjörg Gísladóttir

Auk fulltrúa í verkefnishópnum sátu fundinn Róbert Ragnarsson og Jón Hrói Finnsson, verkefnisstjórar.

Jón Hrói ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 7.30

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 15. fundar var borin upp og samþykkt án athugasemda.

2. Íbúafundur og samráð

Fyrir fundinum lágu umræðupunktur frá íbúafundunum fimm, og samantektir ráðgjafa.

Umræður um íbúafundi og niðurstöður þeirra. Róbert sagði frá samráðsfundum með fulltrúum ungmennaráða sveitarfélaganna og öldungaráði Rangárvallasýslu.

Ákveðið að birta samantektir íbúafunda á vefsíðu verkefnisins.

3. Viðhorfskönnun

Trausti Heiðar Haraldsson frá Zenter rannsóknunum fór yfir niðurstöður net og símakönnunar meðal könnunarhóps Zenter rannsókna á íbúum í Mýrdalshrepp, Skaftárhrepp, Ásahrepp, Rangárþingi eystra og Rangárþingi ytra.

Í sveitarfélögunum eru 4.357 einstaklingar 18 ára og eldri. Haft var samband við 2.157 einstaklinga og svöruðu 1.106. Alls samþykktu 836 að svara könnuninni eða 75,6%.

Fram kom að lægst svarhlutfall er í yngsta aldurshópnum og í Ásahreppi. Niðurstöðurnar gefa til kynna að gerfi sérstakar ráðstafanir til að upplýsa fólk á aldrinum 18-35 ára og vekja áhuga á verkefninu.

Ákveðið að fela Zenter að fá fleiri svör úr Ásahreppi til að auka marktækni niðurstaðna.

4. Tillaga til sveitarstjórna

Umræður um tillögur til sveitarstjórna. Ákvörðun frestað til næsta fundar.

5. Næstu fundir verkefnishóps

Ákveðið að næsti fundur verkefnishóps verði haldinn 20. nóvember 2020 kl. 7:30.

Formaður sleit fundi kl. 09:15